

Veitur ohf.
Ársreikningur 2025

Veitur ohf.
Bæjarhálsi 1
110 Reykjavík

kt. 501213-1870

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastýru	3
Áritun óháðra endurskoðenda	7
Rekstrarreikningur	11
Efnahagsreikningur	12
Eiginfjárfirlit	13
Sjóðstreymisyfirlit	14
Skýringar	15

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastýru

Veitur ohf. eru opinbert hlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög og laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur (Orkuveitan), en félagið er alfarið í eigu Orkuveitu Reykjavíkur – Eigna ohf. sem eru alfarið í eigu Orkuveitunnar. Engar breytingar urðu á eignarhaldi á árinu.

Lögbundið hlutverk Orkuveitunnar er að stunda vinnslu, framleiðslu og sölu raforku og heits vatns og gufu og rekstur grunnkerfa, svo sem dreifiveitu rafmagns, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og gagnaveitu, auk annarrar starfsemi sem hefur sambærilega stöðu. Einnig þá starfsemi aðra sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað fyrirtækjanna, sem og iðnþróun og nýsköpun, enda tengist hún kjarnastarfsemi fyrirtækisins. Aðal starfsemi Veitna er dreifing rafmagns og framleiðsla og dreifing á heitu vatni.

Samkvæmt samþykktum félagsins skal stjórn félagsins skipuð fimm einstaklingum og tveimur til vara. Skal tryggt að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40% meðal aðal- og varamanna og skulu hlutföllin í stjórn og varastjórn í heild vera sem jöfnust. Stjórnarfolk skal hafa staðgóða menntun sem nýtist í starfi, og hafa reynslu og þekkingu á starfssviði félagsins. Í stjórn Veitna ohf. í árslok 2025 voru:

- Hrund Rudolfsdóttir, viðskiptafræðingur, formaður.
- Ágúst Þorbjörnsson, rekstrarráðgjafi.
- Ásgeir Westergren, sérfræðingur á fjármálasviði Orkuveitunnar.
- Elín Þórunn Eiríksdóttir viðskiptafræðingur og framkvæmdastjóri tónaþjónustu Sjóvá.
- Íris Baldursdóttir, verkfræðingur og framkvæmdastjóri Snerpa Power.

Framkvæmdastýra er Sólrún Kristjánsdóttir, B.A uppeldis og menntunarfræðum og M.Sc. Stjórnun og stefnumótun.

Starfsreglur stjórnar Veitna eru aðgengilegar á vef félagsins www.veitur.is. Í skýrslu stjórnar og forstjóra í samstæðuársreikningi Orkuveitunnar 2025 er nánar fjallað um stjórnarhætti í og áhættustýringu í skýringum númer 27-32.

Fjárhagslegar niðurstöður

Hagnaður af rekstri Veitna ohf. á árinu 2025 nam 4.540 milljónum kr. (2024: 3.695 milljónir kr.). Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins í árslok 167.117 milljónum kr. (31.12.2024: 147.803 milljónir kr.). Eigið fé nam 85.492 milljónum kr. í árslok (31.12.2024: 75.416 milljónir kr.) og var eiginfjárhlutfall félagsins 51,2% (31.12.2024: 51,0%).

Fjöldi ársverka hjá félaginu á árinu 2025 er 225,8 (2024: 245,5 ársverk).

Stjórn Veitna leggur til við aðalfund að greiddur verði arður til eiganda á árinu 2026 vegna rekstrarársins 2025 að fjárhæð 3.750 milljónir kr. Vísað er að öðru leyti til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eigin fé.

Árangur og óvissuþættir

Árið 2025 einkenndist af öflugri uppbyggingu, samtali við samfélagið og markvissri þróun í nýtingu auðlinda. Mikilvægum áföngum var náð í rekstri, samstarf eftl og nýsköpun var í forgrunni.

Veitur vaxa með samfélaginu

Áfram var unnið markvisst að jarðhitaleit og borunum, meðal annars í Hveragerði og á Reykjum, með það að markmiði að tryggja nægt heitt vatn til framtíðar. Ný borhola var tekin í notkun á Vesturlandi og styrkti hún afhendingaröryggi hitaveitunnar í Borgarfirði og á Akranesi. Áfram var unnið að virkjun á borholu á Kjalarnesi og hitastigulsborarnir voru gerðar á Álftanesi og í Ásahreppi, en þær eru rannsóknarholur til að meta hvar líklegast er að finna nýtanlegt magn af jarðhita. Í lok árs var byrjað að bora nýja holu fyrir hitaveituna í Hveragerði, en hún verður mikilvæg viðbót fyrir stækkandi samfélag.

Á árinu var Reykjaæð, ein af meginæðunum í hitaveitukerfinu, hreinsuð og skoðuð að innan með sérhæfðum búnaði. Með þessari aðferð var hægt að leggja mat á ástand æðarinnar og safna mikilvægum gögnum um slit og tæringu sem styrkir forsendur fyrir markvissu viðhaldi og auknu rekstraröryggi.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastýru, frh.:

Árangur og óvissuþættir, frh.

Veitur vaxa með samfélaginu, frh.

Framkvæmdir hófust við stækkun varmastöðvar í Hellisheiðarvirkjun Orku náttúrunnar. Verkefnið er unnið fyrir Veitur og mun framleiðslugeta virkjunarinnar á heitu vatni aukast um 60% og nýtast heimilum og fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu.

Rafveita Veitna þjónar um sex af hverjum tíu landsmönnum og áfram er unnið að margvíslegri uppþæfingu hennar til að þjóna orkuskiptum í samgöngum. Til að styðja við þau hafa Veitur einnig stutt við uppbyggingu hverfa-, heima- og hraðhleðsla og stutt önnur fyrirtæki í sínum orkuskiptum. Búast má við að með orkuskiptum og áframhaldandi fólksfjölgun tvöfaldist raforkudreifing Veitna á næstu 20-30 árum. Slík aukning mun verða mikil áskorun en felur jafnframt í sér verulegan samdrátt í notkun jarðefnaeldsneytis, loftslaginu til góða.

Árið 2025 voru 12 km af loftlínu aflagðar sem er hluti af því að færa rafdreifikerfi Veitna í jörðu til að efla afhendingaröryggi. Heildarfjöldi dreifistöðva Veitna fór yfir 1.000 á árinu og er til marks um það hvernig Veitur vaxa með samfélaginu. 19 stöðvar voru endurnýjaðar og 31 ný dreifistöð tengd kerfinu.

Veitur fagna stóru skrefi í átt að nútíma- og snjallvæðingu rafdreifikerfisins. Nú þegar eru 100 dreifistöðvar fjarstýranlegar og fjarlesanlegar, eða um 10% af þeim tæplega þúsund stöðvum sem Veitur reka. Þetta þýðir að við eðlilegan rekstur þegar flytja þarf álag á milli strengja þá þarf starfsfólk Veitna ekki að fara í þessar stöðvar heldur fjarstýra því. Það stuðlar að auknu öryggi starfsfólks. Við skyndilegt rafmagnsleysi getur búnaður gefið til kynna hvar bilun er staðsett og stytt tíma straumleysis.

Með markvissum fyrirbyggjandi aðgerðum í rafdreifikerfinu hefur verulega dregið úr óvæntum bilunum. Góður árangur náðist í að fækka svokölluðum dæmingum í rafdreifikerfinu en það eru athugasemdir um eitthvað sem er að í kerfinu. Um það bil 3.505 dæmingar voru leystar eða felldar niður sem er umtalsvert fleiri en voru stofnaðar á árinu eða alls 1.870.

Bygging nýrrar aðveitustöðvar við Sundahöfn hófst á árinu og þar með tenging hennar við háspennna kerfið á höfuðborgarsvæðinu. Leggja þarf um 15 kílómetra af háspennustrengjum og þar af eru níu af 132 kV strengjum sem eru stærstu strengir sem Veitur reka. Þeir liggja meðal annars við fornleifar í Laugarnesi og niður Holtaveg í gegnum rótgróið hverfi. Á báðum stöðum var í fyrsta sinn notast við steipta rörastokka sem hægt er að leggja stuttar vegalengdir í einu með mun minni skurðum og gera Veitum kleift að stýra röð áfanga betur. Rafstrengir eru dregnir í rörastokkana eftir að lagningu þeirra lýkur og gefa möguleika á að bæta við strengjum síðar án þess að opna þurfi skurði að nýju. Aðferðin er því til lengri tíma bæði hagkvæmari og umhverfisvænni, en ekki hvað síst ákjósanleg aðferð á viðkvæmum svæðum því ekki þarf að loka mikilvægum samgönguæðum á meðan.

Framkvæmdir þjónustu nýttu skurðlausar lausnir í meira mæli en áður og vegna þess var kolefnisspor þeirra mun minna en ella, eða því sem samsvarar tveimur hringjum fólksbils í kringum landið. Borað er undir götur og göngustíga í stað þess að grafa skurði sem takmarkar áhrifin á umhverfi og nærsamfélagið. Til dæmis var í Árbænum borað 100m leið meðfram fjölförnum göngustíg sem annars hefði þurft að loka vegna vinnu. Þar var lögð kaldvatnslögn sem Reykjavíkurborg nýtir nú þegar til að framleiða snjó í Ártúnsbrekkuna.

Orkuveitan og Evrópski þróunarbankinn (CEB) undirrituðu stóran samning til uppbyggingar hitaveitna og vatnsveitna, m.a. til að efla viðnám veitukerfanna gegn náttúruvá. Fjárhæð lánsins er EUR 75 milljónir.

Hækkun á verðskrá hitaveitu í lok árs er áskorun en er mjög mikilvæg fyrir uppbyggingu og styrkingu kerfa.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastýru, frh.:

Árangur og óvissupættir, frh.

Samtal við samfélagið og aukið samstarf

Veitur lögðu aukna áherslu á samtal við samfélagið og hófu reglubundna íbúafundi. Fyrstu fundirnir voru haldnir í Hveragerði og síðar á Akranesi, þar sem farið var yfir starfsemi Veitna, fyrirhugaðar framkvæmdir og samstarf.

Stjórnendur Veitna voru óhrædd við að taka af skarið í mikilvægum málefnum og ræða opinberlega hvað þarf að gera til að tryggja hlutverk Veitna til framtíðar. Þar báru hæst samtölin um að Veitur vaxi með samfélaginu, hreint vatn sé ekki heppni og að styrkja þurfi ómissandi innviði í breyttri heimsmynd. Mikilvægt sé að auka viðnámsþrótt samfélagsins við fjölbreyttum ógnum.

Þjónusta gagnvart sveitarfélögum tók breytingum til hins betra á árinu og lögð var sérstök áhersla á góða þjónustu gagnvart uppbyggingaraðilum á þjónustusvæði Veitna.

Þróun á nýjum „Mínum síðum“ fyrir viðskiptavinum Veitna hófst árinu sem mun efla upplýsingagjöf og viðskiptavinir fá betri upplýsingar um sína notkun.

Stór áfangi náðist þegar fyrsti rammisamningurinn var undirritaður þar sem unnið verður að viðhaldi lagna, vinnu við heimlagningu og nýframkvæmdir undir einum samningi. Samið var við Ístak, Stéttafélagið og ÍAV. Markmiðið var að samstarfsaðilar gætu veitt heildarlausnir til að auka hagkvæmni, gæði, skilvirkni og fyrirsjáanleika.

Áhersla Veitna um að vera eftirsóknarverður vinnustaður endurspeglast skýrt í auknum áhuga á störfum hjá félaginu. Meðalfjöldi umsókna á hvert auglýst starf jókst um 46% milli ára og er það skýr staðfesting á árangri markvissrar vinnu við að efla ásýnd og ímynd stöðu Veitna sem vinnustaðar. Veitur hlutu Jafnvægisvogina 2025 fyrir framúrskarandi árangur í að jafna kynjahlutföll í framkvæmdastjórn.

Nýsköpun

Á árinu 2025 náðist áfram góður árangur í þróun og eflingu stafrænna lausna Veitna. Tekið var í notkun nýtt spjallmenni á Veitur.is sem styður við sjálfsafgreiðslu og þjónustu við viðskiptavinum. Jafnframt voru þróuð og tekin í notkun ný hermilkön og spár sem gera flókin veitukerfi sýnilegri og styðja betri ákvarðanatöku, þar á meðal ný álagsspá fyrir hitaveitu og langtímaspár fyrir starfsemi Veitna. Þá tóku Veitur í notkun nýja tæknilausn sem veitir stjórnstöð rafmagns rauntímasýn á hvar bilun er staðsett niður á götur og heimili sem er mikil framför frá því sem áður var. Árangurinn endurspegladist jafnframt í því að Veitur komust í úrslit í keppni Evrópsku þjónustuverðlaunanna ECCCSA 2025 í flokknum Best Use of Data & Insights.

Nemar úr Listaháskólanum unnu með Veitum að nýsköpunarverkefninu Tengja, þar sem afgangsvarmi úr hitaveitukerfinu var nýttur til að hanna listaverk og innviði í almenningsrýmum. Verkefnið var styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna og hafði það að markmiði að sýna nýja möguleika í nýtingu jarðhita og tengja veituvinnviði betur við samfélagið.

Nýsköpunarfestivalur Veitna var haldið í fyrsta sinn með frábærum árangri. Unnið var eftir hugmyndafræði hönnunarspretta (e. design sprints) og var markmiðið að leysa stórar áskoranir á stuttum tíma. Verkefnið eru nú í þróun og verða innleidd. Festivalið verður framvegis haldið annað hvert ár og er dæmi um skapandi aðferðir og samvinnu til að finna nýjar sjálfbærar lausnir í orku- og veitukerfum fyrir samfélagið.

Nýsköpun við skurðlausar framkvæmdir jókst á árinu sem farið var yfir hér að ofan.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastýru, frh.:

Árangur og óvissupættir, frh.

Óvissupættir

Náttúruvá verður áfram viðvarandi óvissupáttur í rekstri Veitna en vaxandi óvissa er um fjölþáttaógnir sem margfölduðust í Evrópu á árinu 2025.

Breytt heimsmynd blasir við okkur og ófriðarský eru á himni í okkar heimshluta. Brýnt er að Veitur leggi áherslu á aukin viðnámsþrótt sinna innviða en einnig að önnur fyrirtæki sem stunda rekstur ómissandi innviða séu undirbúin fyrir fjölþáttaógnir. Veitur ætla að taka ábyrgð og efla samstarf við stjórnvöld og í þessum málaflokki.

Þétting byggðar umfram það sem hönnun veitukerfa gerir ráð fyrir heldur áfram að vera áskorun þar sem mikil ný byggð innan um eldri getur kallað á aukna flutningsgetu burðaræða veitnanna.

Í skýrslu stjórnar í ársreikningi samstæðu Orkuveitunnar 2025 er fjallað um ófjárhagsleg málefni Veitna ohf., þ.á.m. stjórnarhætti, sbr.gr. 66d í lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Samstæðureikningurinn er byggður upp með hliðsjón af tilskipun ESB 2022/2464 um sjálfbærnireikningsskil (Corporate Sustainable Reporting Directive – CSRD) og með takmarkaðri staðfestingu á grunni VSME, staðals um sjálfbærnireikningsskil.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastýru

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastýru Veitna er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga. Að áliti stjórnar og framkvæmdastýru Veitna gefur ársreikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu í árslok og rekstrarafkomu félagsins, sem og breytingu á handbæru fé á árinu og lýsir helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og framkvæmdastýra Veitna staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2025.

Reykjavík, 27. febrúar 2026

Í stjórn félagsins:

Hrund Rudolfsdóttir

Ágúst Þorbjörnsson

Ásgeir Westergren

Elín Þórunn Eiríksdóttir

Íris Baldursdóttir

Framkvæmdastýra:

Sólrún Kristjánsdóttir

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa Veitna ohf.

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Veitna ohf. („félagið“) fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2025 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga.

Álit okkar er í samræmi við þær upplýsingar sem koma fram í endurskoðunarskýrslu okkar til endurskoðunarnefndar í samræmi við 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) en nánar er gerð grein fyrir ábyrgð okkar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda*. Við uppfyllum ákvæði siðareglna endurskoðenda á Íslandi og teljumst því óháð félaginu. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Samkvæmt okkar bestu vissu, lýsum við yfir að önnur þjónusta sem við höfum veitt félaginu er í samræmi við ákvæði íslenskra laga og reglna og að við höfum ekki veitt þjónustu sem óheimilt er að veita samkvæmt ákvæðum 5.1. gr. Evrópureglugerðar nr. 537/2014.

Megináherslur við endurskoðunina

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu við endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins árið 2025. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á ársreikningnum og höfð til hlíðsjónar við ákvörðun á viðeigandi álit á honum. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Eftirfarandi atriði teljum við vera lykilatriði í endurskoðun okkar:

Skýring á lykilatriði í endurskoðuninni

Hvernig var brugðist við lykilatriði í endurskoðun

Mat veitukerfis

Sjá umfjöllun um mikilvægar reikningsskilaaðferðir í skýringu 22 (b) bls. 24 til 25 og skýringu 10 á bls. 18 til 19:

Við höfum skilgreint mat veitukerfa sem lykilatriði við endurskoðun okkar vegna ársins 2025. Veitukerfi eru metin út frá afskrifuðu endurstofnverði.

Það felur í sér að lagt er mat á breytingu byggingarkostnaðar samskonar eigna og bæði stofnverð og uppsafnaðar fyrningar eru endurmetnar í samræmi við þær breytingar.

Félagið framkvæmir virðisrýmunarpróf á reikningsskiladegi og færir virðisrýmun á eignirnar ef niðurstaðan er sú að núvirt tekjustreymi eignanna er lægra en bókfært virði þeirra. Einnig getur endurmat eignanna aldrei orðið hærra en sem nemur núvirtu tekjustreymi þeirra.

Forsendur sem notaðar eru við endurmatið, þegar það á við, og virðisrýmunarprófið byggja á mati stjórnenda og eru að hluta til huglæggar. Þar sem eignfærð veitukerfi eru verulegur liður í ársreikningnum getur hver breyta í forsendum haft veruleg áhrif á afkomu og efnahag félagsins.

Vinna okkar náði bæði til mats á endurmati og virðisrýmun veitukerfa.

Sem hluti af endurskoðun okkar fórum við yfir aðferðafræði félagsins við mat á veitukerfa og samkvæmni þess við lög og reglur.

Við fórum yfir ferli við endurmatið og virðisrýmunarpróf. Við fórum einnig yfir virkni líkana sem notast er við matið.

Við lögðum mat á forsendur stjórnenda með samanburði við opinberar upplýsingar þar sem það á við. Í þeim tilvikum þar sem forsendur byggja ekki á opinberum upplýsingum lögðum við sjálfstætt mat á forsendur stjórnenda.

Við þessa skoðun var verðmatssérfræðingur notaður til aðstoðar.

Áritun óháðra endurskoðenda, frh.:

Megináherslur við endurskoðunina, frh.:

Skýring á lykilatriði í endurskoðuninni

Hvernig var brugðist við lykilatriði í endurskoðun

Innlausn tekna

Sjá umfjöllun um mikilvægar reikningsskilaaðferðir í skýringu 22 (a) á bls. 24:

Tekjur af sölu og dreifingu á raforku og heitu vatni eru innleystar miðað við mælingar inná kerfin að teknu tilliti til orkutapa sem eiga sér stað í dreifikerfum. Mismunur á því magni sem kemur inná kerfin að frádregnum töpum og reikningsfærðri notkun myndar tímabilsleiðréttingu sem er færð á reikningsskiladegi.

Sökum þess að tekjuskráning í lok ársins er byggð á áætlun stjórnenda er ákveðin óvissa bundin í tekjuskráningu er snýr að lotun tekna og tilvist. Af þeim sökum beinum við sjónum okkar sérstaklega að lotun tekna í endurskoðuninni, auk annarra endurskoðunaraðgerða er snúa að tekjuinnlausn.

Við endurskoðun á tekjum höfum við lagt mat á eftirlitsþætti í tekjukerfum. Þá höfum við prófað ákveðna eftirlitsþætti er snúa að skráningu tekna.

Við höfum skoðað og lagt mat á tölvueftirlitsumhverfi þar sem við höfum meðal annars farið yfir hvernig aðgangsstýringum er háttað inn í fjárhagskerfi og í undirkerfi er snúa að tekjuskráningu.

Við höfum beitt gagnaendurskoðunaraðgerðum þar sem við höfum m.a. yfirfarið afstemmingar á undir og yfirkerfi, beðið um staðfestingu ákveðinna viðskiptavina á mótteknu magni raforku og heitu vatni, veltu og stöðu í viðskiptamannabókhalda í árslok. Við höfum einnig skoðað innborganir eftir áramótin þar sem ekki fékkst staðfest staða frá viðskiptavinum.

Við höfum einnig framkvæmt greiningaraðgerðir þar sem við höfum borið saman við væntingar okkar við raunverulega tekjuskráningu hjá samstæðunni.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastýra eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem félagið birtir, jafnt með ársreikningi sem öðrum upplýsingum. Álit okkar nær ekki til annarra upplýsinga sem félagið gefur út en tilgreint er hér að ofan. Aðrar upplýsingar eru t.a.m. ársskýrsla samstæðunnar, skýrsla stjórnar og framkvæmdastýru (ekki umfram það sem álit okkar segir til um hér að ofan) og óendurskoðaðra stjórnarháttaryfirlýsingu samstæðunnar. Staðfestum við því ekki þær upplýsingar sem þar er að finna. Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirllestri á efni og innihaldi og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli þeirra og ársreikningsins.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem að lágmarki ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastýru á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastýra eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastýra eru einnig ábyrg fyrir innra eftirliti við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins er stjórn og framkvæmdastýra ábyrg fyrir mati á rekstrarhæfi félagsins. Ef vafi leikur á rekstrarhæfi skal gerð grein fyrir því í ársreikningi með viðeigandi skýringum og greint frá því hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema ákveðið hafi verið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða engir aðrir raunhæfir kostir fyrir hendi en að gera það.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Áritun óháðra endurskoðenda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er nokkuð hátt stig vissu, en það tryggir ekki að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið til vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, stakar eða samanlagðar.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitum við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi er einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins:

- Greina og meta hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggja og framkvæma endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflun endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals og misvísandi framsetningu ársreikningsins, að einhverju sé viljandi sleppt eða að innra eftirlit sé ekki virt.
- Afla skilnings á innra eftirliti, ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins, heldur í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir.
- Meta hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Meta hvort forsendan um rekstrarhæfi eigi við, hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið vafa um rekstrarhæfi. Ef við teljum að vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi ber okkur að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Atburðir eða aðstæður eftir dagsetningu áritunar geta þannig valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Meta hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum og leggja mat á framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins með tilliti til göggrar myndar, skýringum þar á meðal.
- Afla endurskoðunargagna er varða verulegar einingar innan ársreikningsins til að geta látið í ljós álit á ársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framkvæmd endurskoðunar félagsins og berum ein ábyrgð á álit okkar á félaginu.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar auk verulegra atriða sem upp komu í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti, ef við á.

Við höfum afhent stjórn endurskoðunarskýrslu þar sem gerð er grein fyrir þessum atriðum og er hún í samræmi við áritun þessa.

Við höfum ekki veitt Veitum ohf. þjónustu sem telst óheimilt að veita samhliða endurskoðun í samræmi við lög um endurskoðendur. Við höfum einnig afhent forstjóra og endurskoðunarnefnd samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur yfirlýsingu þess efnis að við uppfylfum ákvæði siðareglna er varðar óhæði. Við höfum jafnframt komið á framfæri upplýsingum um tengsl eða aðra þætti sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og hvaða varúðarráðstafanir við höfum stuðst við til að tryggja óhæði okkar, ef við á.

Áritun óháðra endurskoðenda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda, frh.:

Af þeim atriðum sem við upplýstum framkvæmdastýru og endurskoðunarnefnd félagsins um lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það lykilatriði endurskoðunarinnar. Við gerum grein fyrir þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur heimila ekki slíka upplýsingagjöf. Í undantekningartilfellum kunnum við að greina ekki frá slíkum atriðum ef við metum það svo að neikvæðar afleiðingar af slíkri upplýsingagjöf vegi þyngra en hagsmunir almennings af upplýsingunum.

Við vorum kjörnir endurskoðendur félagsins á aðalfundi þann 11. apríl 2025 en þetta er áttunda samfellda reikningsárið þar sem við erum endurskoðendur félagsins.

fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.

Reykjavík, 27. febrúar 2026

Davíð Arnar Einarsson
Löggiltur endurskoðandi

Sif Jónsdóttir
Löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrartekjur.....	4	<u>38.815.775</u>	<u>37.636.027</u>
		<u>38.815.775</u>	<u>37.636.027</u>
Orkukaup og flutningur.....	5	(10.471.367)	(10.313.654)
Laun og launatengd gjöld.....	6	(3.327.998)	(3.672.468)
Annar rekstrarkostnaður.....	7	(10.072.662)	(10.166.007)
Rekstarkostnaður samtals		<u>(23.872.027)</u>	<u>(24.152.130)</u>
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)		14.943.748	13.483.897
Afskriftir.....	8	(5.379.681)	(5.054.821)
Rekstrarhagnaður (EBIT)		<u>9.564.067</u>	<u>8.429.077</u>
Vaxtatekjur.....		175.240	251.125
Vaxtagjöld og verðbætur.....		(4.062.877)	(4.004.879)
Gengismunur.....		(1.526)	9.321
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals		<u>(3.889.163)</u>	<u>(3.744.434)</u>
Hagnaður fyrir tekjuskatt		5.674.904	4.684.643
Tekjuskattur.....	9	(1.134.985)	(989.256)
Hagnaður ársins		<u><u>4.539.919</u></u>	<u><u>3.695.387</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr.	31.12.2025	31.12.2024
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	10	159.879.213	140.863.638
Óefnislegar eignir.....	11	125.758	12.085
Eignarhluti í OR vatns- og fráveitu sf.....	12	2	2
Fastafjármunir samtals		<u>160.004.973</u>	<u>140.875.725</u>
Viðskiptakröfur.....	13	4.826.670	4.549.953
Skammtímakröfur á tengda aðila.....	20	520.900	655.530
Aðrar skammtímakröfur.....	14	51.994	148.991
Lausafé í ávöxtun hjá móðurfyrirtæki.....	15,20	1.378.499	1.211.200
Handbært fé.....	15	333.550	361.765
Veltufjármunir samtals		<u>7.111.613</u>	<u>6.927.438</u>
Eignir samtals		<u><u>167.116.587</u></u>	<u><u>147.803.164</u></u>
Eigið fé			
Hlutfé.....		4.000	4.000
Endurmatsreikningur.....		49.119.530	42.098.008
Lögbundinn varasjóður.....		1.000	1.000
Óráðstafað eigið fé.....		36.367.640	33.312.570
Eigið fé samtals		<u>85.492.170</u>	<u>75.415.578</u>
Skuldir			
Langtímalán frá móðurfyrirtæki.....	16	58.670.563	51.418.767
Lífeyrisskuldbinding	17	724.633	739.347
Tekjuskattsskuldbinding	18	15.029.017	12.854.266
Langtímaskuldir samtals		<u>74.424.213</u>	<u>65.012.381</u>
Viðskiptaskuldir.....	19	1.677.244	1.454.926
Næsta árs afborgun langtímalána við móðurfyrirtæki.....	16	2.142.137	1.790.882
Ógreiddir skattar.....		1.219.402	1.098.789
Skammtímaskuldir við tengd félög.....	20	1.220.309	2.196.555
Aðrar skammtímaskuldir.....	19	941.112	834.052
Skammtímaskuldir samtals		<u>7.200.204</u>	<u>7.375.205</u>
Skuldir samtals		<u>81.624.417</u>	<u>72.387.586</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>167.116.587</u></u>	<u><u>147.803.164</u></u>

Eiginfjáryfirlit 2025

Árið 2025	Hlutfé	Endurmats- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1. janúar 2025.....	4.000	42.098.008	1.000	33.312.570	75.415.578
Endurmat, hækkun.....		11.295.841			11.295.841
Tekjuskattsáhrif af endurmati.....		(2.259.168)			(2.259.168)
Innlausn endurmats vegna afskrifta.....		(2.518.938)		2.518.938	0
Tekjuskattsáhrif af innlausn endurmats....		503.788		(503.788)	0
Greiddur arður.....				(3.500.000)	(3.500.000)
Hagnaður ársins.....				4.539.919	4.539.919
Eigið fé 31. desember 2025.....	4.000	49.119.530	1.000	36.367.640	85.492.170

Árið 2024

Eigið fé 1. janúar 2024.....	4.000	44.058.224	1.000	30.656.967	74.720.191
Innlausn endurmats vegna afskrifta.....		(2.450.271)		2.450.271	0
Tekjuskattsáhrif af innlausn endurmats....		490.054		(490.054)	0
Greiddur arður.....				(3.000.000)	(3.000.000)
Hagnaður ársins.....				3.695.387	3.695.387
Eigið fé 31. desember 2024.....	4.000	42.098.008	1.000	33.312.570	75.415.578

Sjóðstreymisýfirlit 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins.....		4.539.919	3.695.387
Leiðrétt fyrir:			
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....		3.889.163	3.744.434
Lífeyrisskuldbinding, breyting.....		(10.715)	21.820
Tekjuskattur.....	9	1.134.985	989.256
Sölutap fastafjármuna.....		0	1.091
Afskriftir.....	8	5.379.681	5.054.821
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		14.933.033	13.506.808
Skammtímakröfur, hækkun.....		(179.720)	(1.419.333)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun).....		816.983	(129.864)
